

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Svalbarðsstrandarhreppi skal húseigandi greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 671/2003, um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar á Norðurlandi eystra að undanskildum Húsavíkurbæ.

2. gr.

Rotþróargjald fyrir árið 2005 skal vera kr. 6.500 fyrir þrær undir 3.000 l að rúmmáli, kr. 9.000 fyrir 3.000 l til 6.000 l þrær, kr. 11.500 fyrir 6.000 l til 9.000 l þrær, kr. 18.500 fyrir 9.000 l til 20.000 l þrær, kr. 33.500 fyrir 20.000 l þrær eða stærri. Gjaldið miðast við að hreinsun og tæming rotþróa sé á þriggja ára fresti. Gjaldið tekur breytingum skv. byggingarvísitölu. Gjaldið miðast við vísitölu desembermánaðar árið á undan. Byggingarvísitala í desember 2004 er 304,8 stig. Þar sem fleiri en einn aðili tengist rotþró er gjaldinu skipt á milli aðila.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 21. desember 2004, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Svalbarðsstrandarhreppi, 17. febrúar 2005.

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um gildistöku EES-gerða um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og frá Evrópubandalaginu.

1. gr.

Með vísan til meginmáls EES-samningsins, XX. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna reglugerða og ákvarðana:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 6, bls. 170–197.
2. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/721/EB frá 21. október 1994 um breytingar samkvæmt 3. mgr. 42. gr. á II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 5, 5. febrúar 1998, bls. 184–194.
3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/660/EB frá 14. nóvember 1996 um breytingar samkvæmt 3. mgr. 42. gr. á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 5, 5. febrúar 1998, bls. 195–201.